

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012, Suðursvæði Vatnsenda, Þing.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 17. maí 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Kópavogs 2000-2012 frá 23. apríl 2002.

Breytingarnar ná til 37 ha svæðis sem afmarkast af Vatnsendavegi og byggð við Fagrahvarf, Elliðahvammsvegi, vatnsverndarmörkum í Vatnsendahlíð og hesthúsahverfinu í Heimsenda og fyrirhugaðri byggð við Vinda- og Vallakór og eru eftirfarandi:

- Lega fyrirhugaðrar tengibrautar (Þingmannaleið) breytist og gert er ráð fyrir nýrri göngubru eða undirgöngum undir þann veg.
- Fyrirhuguð íbúðarsvæði stækka til norðurs og vesturs og koma í stað opinna svæða en um miðbik svæðisins er gert ráð fyrir opnum svæðum í stað íbúðarsvæðis.
- Svæði fyrir þjónustustofnanir (leikskóla, íbúðir, hjúkrunarheimili, öryggisíbúðir og þjónustumiðstöð fyrir aldraða) færast til suðurs.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Kópavogs. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar. Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 17. maí 2005.

F. h. r.

Sigríður Auður Arnardóttir.

Ingibjörg Halldórsdóttir.